


Minjavernd



Skýrsla stjórnar Minjaverndar hf. fyrir starfsárið 2016.

Á aðalfundi Minjaverndar hf. þann 29. apríl 2016 voru eftirtalin kjörin í stjórn félagsins: Sem aðalmenn Pröstur Ólafsson, Þórhallur Arason, Rakel Olsen, Kristbjörg Stephensen og Ólöf Örvarsdóttir. Sem varamenn Gunnlaugur Claessen, Hafsteinn Hafsteinsson og Ellý Katrín Guðmundsdóttir. Endurskoðandi félagsins var kjörin Anna Kristín Traustadóttir löggiltur endurskoðandi. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var Pröstur Ólafsson kjörinn formaður stjórnar og Kristbjörg Stephensen varaformaður. Framkvæmdastjóri félagsins er Þorsteinn Bergsson. Stjórn Minjaverndar hélt 4 bókaða stjórnarfundi á starfsárinu og verður hér gerð grein fyrir helstu atriðum í starfsemi félagsins.

Framkvæmdir eða áform Minjaverndar í Reykjavík.

Á árinu 2014 var gengið frá tveimur samningum milli Minjaverndar og Reykjavíkurborgar um nokkur hús og verður hér gerð grein fyrir þeim hverju fyrir sig. Unnið verður að þessum verkefnum næstu ár.

Fyrri samningurinn er eins konar rammamarkmið og tekur til húsanna Gröndalshúss sem í framhaldi var komið fyrir á auðri lóð að Vesturgötu 5b, Stórasels að Holtsgötu 41b, Norðurpóls sem ætlaður er staður við Hlemm, Hringbrautar 116 – 118 sem hugsanlega er ætlaður staður að Meistaravöllum 3, Sóttvarnarhússins við Ánanaust ef Reykjavíkurborg eignast það hús og lóðanna Seljavegur 1 og Bergstaðastræti 18.

Seinni samningurinn tekur til þriggja flutningshúsa sem hverfa þurftu af sínum stað. Það eru Hverfisgata 61, Laugavegur 36 og Grettisgata 17. Hverfisgötu 61 og Grettisgötu 17 er ætlaður staður við Grettisgötu 9a og 9b, en ekki liggur fyrir hvar Laugavegi 36 verður fyrir komið.

Minjavernd keypti jafnframt á árinu 2014 tvö hús í Reykjavík, Lindargötu 10 og Lækjargötu 10.

Auk þessa hafa Minjavernd og Íslandshótel unnið að viðamiklu skipulags og uppbyggingarverkefni í miðborg Reykjavíkur. Það snýr að framtíðarskipulagi reitsins Vonarstræti 4, Vonarstræti 4b, Lækjargötu 12, Lækjargötu 10 og Skólalábrúar 2. Í því samhengi keyptu Íslandshótel og Minjavernd í sameiningu húseignina Skólalábrú 2, en Íslandshótel hafa nú yfirtekið eignarhlut Minjaverndar.

Hér verður gerð stutt grein fyrir verkefnum þessum.

1. **Stórasel** að Holtsgötu 41. Húsið er steinbær byggður að stofni í tvennu lagi 1884 og 1893. Húsið er friðlýst og er eini tvöfaldi steinbærinn í Reykjavík sem enn stendur. Það eru einu ummerki myndarþúskaþar sem rekinn var á jörðinni Seli sem það stendur á og ber nafn af. Húsinu hefur verið mikið breytt, en fyrirhugað er að endurbyggja það sem íbúðarhús. Gengið hefur verið frá og samþykktar teikningar að framtíðarútliti hússins og lokið er vinnu við fornleifarannsókn undir því. Sökklar hússins hafa verið steiptir á ný, endurgerð ytra byrðis verður lokið á 2017 og verkinu að fullu lokið á fyrri hluta árs 2018. Húsið verður selt að verki loknu.

2. **Hringbraut 116 – 118.** Húsið er tvílyft timburhús á steiptum kjallara og með steiptum brunavegg á milli húshluta. Það var reist árið 1934 fyrir Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur ásamt fleiri húsum sem hlotið hafa svonefnda svæðisvernd. Húsið stendur inni á lóð Vesturbæjarskóla, en vegna plássleysis þar og fyrirhugaðrar viðbyggingar við skólann þarf það að hverfa af núverandi stað og er hugsanlega horft til þess að það verði flutt yfir Hringbraut og á lóð að Meistaravöllum 3. Húsið yrði endurbyggt sem tvíbýlishús. Þar til húsið verður flutt verður það nýtt fyrir tvær skólastofur og skrifstofur við Vesturbæjarskóla.
3. **Norðurpóllinn** sem áður stóð að Laugavegi 125. Húsið er einlyft timburhús með risi, reist 1904 og er friðað. Minjavernd flutti húsið fyrir Reykjavíkurborg 2006 þar sem á lóð þess stóð til og hefur nú verið reist nýbygging. Fyrirhugað hefur verið að koma því fyrir aftur á Hlemmi. Liggur þar fyrir samþykkt deiliskipulag sem er í endurskoðun. Húsið verður endurbyggt sem atvinnuhúsnæði. Húsið var lagfært að ytra byrði að hluta til á vegum Völundarverks Reykjavíkurborgar. Minjavernd hefur endurbætt þær lagfæringar verulega. Unnið verður að frágangi deiliskipulags og teikningum þess á árinu og stefnt að því að það verði flutt síðla árs 2017 gangi skipulagsbreytingar fram.
4. **Sóttvarnarhúsið** að Ánanaustum 11. Húsið var byggt 1905 í framhaldi af lögum sem sett voru 1902 um byggingu sóttvarnarhúsa í kaupstöðum landsins. Frá 1925 þjónaði húsið landinu öllu um nokkurt skeið, en mun jafnframt hafa verið nýtt til annarrar starfsemi. Húsið var selt ríkinu og hefur verið í þess eigu síðan, en til umræðu er að Reykjavíkurborg kaupi það og lóðir umhverfis fyrir nýbyggingarreit. Í því tilviki hefur verið horft til þess að flytja það á lóð Nýlendugötu 34 og endurbyggja það þar. Áform þessi eru þó í endurskoðun.
5. **Gröndalshús** sem áður stóð að Vesturgötu 16b. Húsið var byggt 1881, en Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson, keypti húsið 1888 og bjó í því þar til hann lést 1907. Húsið hefur lengst af verið nefnt eftir Benedikt, en einnig var það t.d. nefnt Púltið eða Skrínan sökum sérstæðs byggingarlags. Húsið er talið hafa mikið menningar- og byggingarsögulegt gildi sakir aldurs, sögu og gerðar sinnar og er friðað. Reykjavíkurborg keypti húsið 2006 með flutning þess í huga. Það var flutt árið 2009 og hafin viðgerð á því á Grandagarði hvar það stóð um nokkur ár, en þá lá fyrir ákvörðun um að það yrði flutt á lóðina Vesturgötu 5b. Á árinu 2014 steipti Minjavernd undirstöður undir húsið á nýrri lóð og á vormánuðum 2015 var hlaðinn grágrýtissökkull undir það og það flutt á hann í lok apríl. Í samningi milli Reykjavíkurborgar og Minjaverndar var gert ráð fyrir því að Minjavernd annist viðgerð hússins og flutning þess fyrir Reykjavíkurborg fyrir reikning, en jafnframt var þar gert ráð fyrir þeim valkosti að Reykjavíkurborg gæti afsalað húsinu til Minjaverndar sem þá hefði borið allan kostnað af því sem og faglega ábyrgð. Reykjavíkurborg tók ákvörðun um að halda eignahaldi sínu áfram og er nú af hálfu Minjaverndar unnið að endurgerð þess að utan sem innan. Því verki mun að fullu ljúka á vormánuðum 2017.
6. **Bergstaðastræti 18 og Seljavegur 1.** Þar sem ljóst er að Minjavernd mun þurfa að greiða með hluta þessara verkefna og þau því ekki skila ílögðu fjármagni við sölu, leggur Reykjavíkurborg ofangreindar lóðir til félagsins án endurgjalds og Minjavernd mun standa fyrir uppbyggingu húsa á þeim á sínum vegum.
7. **Hverfisgata 61.** Reykjavíkurborg gerði á árinu 2014 samning við eiganda hússins um að fjarlægja það sökum fyrirhugaðra byggingarframkvæmda. Gerður var í framhaldi samningur milli Minjaverndar og Reykjavíkurborgar um að Minjavernd taki húsið yfir. Reykjavíkurborg leggi því til lóð að Grettisgötu 9b, Minjavernd endurbyggi húsið þar og það verði selt. Aðilar skipti með sér hagnaði eða tapi verkefnisins. Á árinu 2016

var lokið deiliskipulagsvinnu fyrir húsið á nýjum stað og er nú unnið að byggingarnefndarteikningum. Haustið 2016 var húsið ásamt fleiri húsum flutt að Lækjarmel 14 hvar unnið verður að endurbyggingu þeirra.

- 8. Grettisgata 17.** Sama framvinda og fyrirkomulag er varðandi þetta hús og Hverfisgötu 61. Húsið hefur verið flutt af sínum stað til geymslu að Lækjarmel 14 og því verður komið fyrir á lóðinni Grettisgötu 9a.
- 9. Laugavegur 36.** Sama framvinda og fyrirkomulag er varðandi þetta hús, þ.e. að Reykjavíkurborg tók það yfir af fyrri eiganda og í framhaldi hefur Minjavernd tekið við húsinu. Húsið hefur verið flutt til geymslu, en því hefur ekki verið fundinn framtíðarstaður.
- 10. Lindargata 10.** Minjavernd keypti húsið á árinu 2014 og í framhaldi var það lagfært lítillaga að innan og er nú leigt út fyrir tvær íbúðir. Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir lóðina hvar húsinu verður lyft upp, byggt undir það, byggt við hlið þess og jafnframt byggð lítil bygging á lóðinni sem standa mun upp að húseign við Smiðjustíg. Gert verður ráð fyrir allt að fimm íbúðum.
- 11. Lækjargata 10.** Minjavernd keypti húsið á árinu. Það var að hluta gert í samhengi við vinnu félagsins að skipulagi stærri reits í samstarfi við Íslandshótel. Við kaup yfirtók Minjavernd þá leigusamninga sem fyrir voru. Fyrirhugað er að núverandi starfsemi verði í húsinu þar til að endurbyggingu þess kemur. Gert er ráð fyrir að húsið verði tilbúið að ytra byrði á árinu 2018.

Lækjargötureitur.

Á liðnu ári hefur verið unnið að samstarfsverkefni Íslandshótela og Minjaverndar um uppbyggingu á reitnum Vonarstræti 4, Vonarstræti 4b, Lækjargötu 12, Lækjargötu 10 og Skólalabru 2. Í þessu samhengi var Minjavernd aðili að kaupsamningi Íslandshótela og Minjaverndar að eignum að Lækjargötu 12 og Vonarstræti 4b af Íslandsbanka. Minjavernd og Íslandshótel voru að jöfnu eigendur að félaginu Fasteignin Skólalabru 2 ehf. sem á það samnefnda hús, en Íslandshótel hafa nú tekið þann eignarhlut yfir. Minjavernd keypti sjálf eignina Lækjargötu 10 af Íslandsbanka.

Þekkt var að á reitnum norðan bankahúss stóð áður Lækjarkot – lítill bær frá 19. öld. Rétt þótti í tengslum við undirbúning uppbyggingar að framkvæma fornleifarannsókn á grunni hans. Það leiddi í ljós víkingaaldarskála sem nú er ljóst að líkur eru til að hafi verið byggður á fyrstu árum landnáms. Skáli þessi er mun stærri en aðrir sem fundist hafa í Kvos Reykjavíkur og breytir miklu varðandi hugmyndir um upphaf byggðar. Þótt þetta hafi reynst einn merkilegasti fornleifafundur í Reykjavík hafa hvorki ríki eða Reykjavíkurborg ljáð máls á fjárhagslegri aðkomu rannsóknar innan lóðamarka, en skálinn stóð á ofangreindum lóðum.

Efnt var til hönnunarsamkeppni um uppbyggingu á þeim hluta reitsins sem ætlað er að nýbygging rísi. Hlutskörpust varð tillaga GlámuKím sem vann síðan endurgerða tillögu að deiliskipulagi sem hefur nú fengið afgreiðslu og er samþykkt. Við samþykkt þess deiliskipulags lýkur að mestu vinnu af háldu Minjaverndar að undirbúningi uppbyggingar á reitnum, nema hvað varðar húsið Lækjargötu 10. Það hús mun félagið endurbyggja sem áður greinir.

Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði.

Þegar stórum áföngum við endurgerð húsa í miðborg Reykjavíkur var lokið 2007, var leitað viðfangsefna fyrir félagið úti á landsbyggð. Í framhaldi var ákveðið að félagið tæki að sér Franska spítalann á Fáskrúðsfirði. Tekið var saman ágrip af sögu hússins og gefið út í kveri á

íslensku og frönsku. Rætt var við heimamenn um aðkomu félagsins að þessu verkefni og hvernig það gæti best stutt þá í þeirri viðleitni að setja Fáskrúðsfjörð á kortið sem “franskan” ferðamannabæ, hvar tilveru og samskiptum landans við Frakka væru gerð góð skil. Húsið var upphaflega byggt inni í Búðakauptúni 1903, en tekið niður fjöl fyrir fjöl og flutt út á Hafnanes 1939.

Verkefnið óx að umfangi og inniheldur nú eftir verkalok endurbyggingu og endurgerð alls 5 húsa auk nýbyggingar sem var lokaáfangi verkefnisins. Um er að ræða endurgerð Franska spítalans sjálfs sem staðsettur hefur verið fyrir neðan Læknishúsið við Hafnargötu. Það hús rúmar eftir endurgerð 12 herbergi og á jarðhæð er veitingastaður. Læknishúsið var innlimað í verkefnið og ákveðið að koma þar fyrir sýningu um sjósókn Frakka hingað til lands, jafnframt sem þar er móttaka hótelsins, 10 gistiherbergi og tenging frá því yfir í Franska spítalann. Síðan inniheldur verkefnið endurgerð Líkhúss spítalans, endurgerð Sjúkraskýlisins sem Frakkar byggðu 1897 og hýsir 4 herbergi, ásamt flutningi á Kapellunni sem flutt hafði verið upp í plássið og notuð sem íbúðarhús, verslun og lagerhúsnæði. Kapellan hefur nú verið flutt á ný að þessari húsaþyrpingu, endurbyggð sem kapella og hefur sömu afstöðu gagnvart Sjúkraskýlinu og hún hafði upphaflega.

Í september árið 2010 flutti Minjavernd Spítalann inn að Búðum. Síðla þess árs var síðan gengið frá afsali á Læknishúsinu frá Fjarðabyggð til Minjaverndar og jafnframt var þá gengið frá lóðarsamningum fyrir þessa framkvæmd alla. Síðan var unnið að undirbúningi verkefnisins, hönnun og í framhaldi frá hausti 2011 beinum framkvæmdum. Fyrri áfangi var endurbygging og endurgerð fyrrgreindra húsa en þeim áfanga lauk í sumarbyrjun 2014. Í beinu framhaldi hófst vinna við seinni áfanga verksins, að reisa nýbyggingu við hlið Franska spítalans sem hýsir 21 gistiherbergi til viðbótar þeim sem fyrir voru í gömlu húsunum.

Minjavernd fjármagnaði verkefni þetta úr sínum sjóðum og hefur jafnframt aflað lánsfjár til þess, en Íslandsbanki hf. og Virðing hf. hafa gengið til samninga við Minjavernd um lánsfjárluta verkefnisins. Argos ehf. Arkitektastofa Grétars og Stefáns hefur verið aðalhönnuður ásamt því sem Mannvit, Efla, Verkís og Verkfræðipjónusta Hjalta Sigmundssonar hafa sinnt hönnun og átætlanagerð. Starfsmenn Minjaverndar hafa unnið sleitulaust að framvindu eftir að verkið sjálf hófst og stærstur verktaka er Tré og Steypa, sem hefur annast m.a. alla uppsteypu.

Minjavernd ráðstafaði stærstum hluta rýmis húsanna fyrir hótélrekstur og eru það Íslandshótel hf. sem annast þann rekstur. Jafnframt var gengið frá ýmsum samningum við Fjarðabyggð, m.a. um leigu á hluta húsnæðisins fyrir sýningu um sjósókn Frakka hingað upp til Íslandsstranda. Fyrri áfanga verksins lauk með opnun hótels og sýningar í maí 2014, en sýningin var formlega opnuð á Frönskum dögum að viðstöddum forseta Íslands og fjölda gesta, erlendra sem innlendra. Töluverðar væntingar eru til þessa verkefnis á heimaslóð og mikil jákvæðni í garð þess. Af hálfu Minjaverndar eru jafnframt bundnar væntingar við það að þetta stærsta verkefni félagsins á landsbyggð muni skila góðu til varðveislu sögu, varðveislu húsa, atvinnu og mannlífs á Fáskrúðsfirði. Verkefnið í heild sinni kostaði nálægt 1.3 milljörðum króna.

Í apríl 2016 var það gert heyrin kunnugt að verkefni þetta fengi virtustu verðlaun til varðveislu menningarverðmæta í Evrópu THE EUROPIAN UNION PRIZE FOR CULTURAL HERITAGE 2016 – EUROPA NOSTRA. Er það að sönnu verulegt ánægjuefni.

Nokkur viðfangsefni eða áform Minjaverndar úti á landi.

Samhliða því sem Minjavernd lauk á árinu 2014 við aðaláfanga verkefnis endurgerðar Franska spítalans hefur verið litið til fleiri verka í framtíð á landsbyggð. Hefur þar verið horft

til þess að festa verkefni og hefja undirbúning þeirra þótt beinar framkvæmdir hefjist ekki fyrr en síðar. Til skoðunar hafa komið verkefni eins og endurbygging á Grams verslun á Þingeyri og endur- og uppbygging að Múlakoti í Fljótshlíð. Hér verður gerð stutt grein fyrir þeim verkefnum sem að niðurstöðu hafa orðið í vali og jafnframt tæpt á nokkrum þeirra húsa öðrum sem félagið á nú úti á landi og sinnir.

Gamla Apótekið á Akureyri.

Minjavernd yfirtók á árinu 2014 að fullu Gamla Apótekið á Akureyri, einu af stærstu húsum í elsta hluta bæjarins. Áður hafði félagið tekið yfir bróðurpart eignarinnar. Húsið sem var byggt 1859, er mjög áberandi og verður mikil bæjarprýði þegar endurgerð þess verður lokið. Ástand þess var hins vegar orðið mjög bágborið, húsið var forskallað 1956 og var orðið fúíð, missigið, skriðið fram brekku og æði illa farið.

Lokið var við að taka innan úr húsinu klæðningar 2014 og sama ár voru stoðveggir steypfir við það. Við þessa vinnu kom í ljós, að jafn vel viðað og vandað og húsið sjálft var upphaflega, voru undirstöður þess æði fábrotnar. Því reyndist nauðsynlegt að breyta upphaflegum áætlunum og m.a. steypa nýjar undirstöður undir það. Þetta breytti framvindu verksins umtalsvert. Flytja þurfti húsið af sökkli sínum meðan unnið var að uppsteypu og síðan flytja það til baka á ný. Minjavernd hefur nú selt húsið. Gengið var til breytinga á deiliskipulagi og það verður endurgert sem atvinnuhúsnæði fyrir íbúðagistingu. Í húsinu er gert ráð fyrir þremur íbúðum og verkefninu verður lokið á miðju ári 2017. Þetta er stærsta verkefni á sviði endurgerðar gamalla húsa á Akureyri og ólíklegt að nokkur annar aðili hefði ráðist til þess. Það var enda ætlan Minjaverndar að taka að sér slíkt verk á Akureyri, verk sem ólíklegt væri að aðrir aðilar hefðu tekist á við.

Ólafsdalur í Dölum.

Það hús sem nú stendur í Ólafsdal var stærst fjölmargra húsa sem Torfi Bjarnason, frumkvöðull og stofnandi Bændaskólans þar, reisti 1896. Skólann stofnaði hann 1880 og rak hann þar til 1907. Var það einn fyrsti bændaskólinn á landi hér sem kunnugt er og voru fjölmargar nýjungar í landbúnaði þess tíma ættaðar frá Torfa og skóla hans. Alls útskrifuðust 156 nemar frá skólanum á þessum 27 árum. Þetta stóra hús var bara eitt fjölmargra húsa sem Torfi reisti og fallin eru að hluta eða með öllu, að því undanskildu. Ummerki margra þeirra eru enn greinileg og grjóthlaðnir veggir mjólkurhúss og fjóss standa enn ótrúlega heillegir. Torfi lærði enda m.a. til steinhöggs í Skotlandi og reyndi að breiða þá kunnáttu út.

Ólafsdalsfélagið, áhugamannafélag um uppbyggingu í Ólafsdal, hefur unnið að uppbyggingu húsa þar og að gera sögu staðarins góð skil. Viðræður hófust á árinu 2014 annars vegar milli Minjaverndar og Ólafsdalsfélagsins og hins vegar á milli Minjaverndar og fjármálaráðuneytis um yfirtöku Minjaverndar á eignum og landspildu í dalnum. Markmið þessara viðræðna var að endurbyggð yrðu flest þau hús sem fallin eru, auk þess að ljúka endurbyggingu þess eina húss sem enn stendur. Að niðurstöðu varð að í ágúst 2015 var ritað undir tvo samninga um uppbyggingu þessa. Annar samningurinn inniheldur samkomulag hvar ríki afsalar til Minjaverndar tæplega 60 ha lands og eignum sem taldar eru í núverandi húsi. Minjavernd gengst þar undir að standa fyrir uppbyggingu að ákveðnum forsendum uppfulltum. Hinn samningurinn tekur yfir vörslu lands upp í 200 metra hæð yfir sjó m.a. til uppgræðslu og til að halda utan um heildarsýn verkefnisins.

Minjavernd hefur frá þeim tíma unnið að ýmsum undirbúningi verkefnisins, þ.a.m. gerð deiliskipulags þess svæðis sem uppbygging húsa tekur til og er þeim þætti undirbúnings verkefnisins nú lokið með samþykktu skipulagi. Á árinu 2016 voru boraðar tvær tilraunaholur eftir heitu vatni og gefa þær jákvæða vísbendingu um að hægt verði að nýta varmadælu fyrir

kyndingu húsanna. Fyrirhugað er á girða ræktarland af á árinu 2017 og hefja undirbúning að uppgræðslu og skógrækt.

Eyjólfspakkhús, Stórapakkhús og Samkomuhús í Flatey.

Nú eru liðin fjórtán ár síðan lokið var viðgerð á Eyjólfspakkhúsi og það tekið í notkun. Endurbyggingu Samkomuhúss og Stórapakkhúss lauk 2007 og hefur þar verið rekið sumarhótel og greiðasala síðan. Sá ljóður er á ráði að í húsum þessum vantar tilfinnanlega aðstöðu fyrir starfsfólk og geymslur, ásamt því sem herbergjafjöldi er neðan þeirra marka sem getur skapað viðunandi rekstrargrundvöll. Unnið hefur verið að lausn þess vanda um nokkurra ára skeið við lítinn afrakstur, enda fátt um valkosti þar í eyju.

Í framhaldi af erindi Minjaverndar til Reykhólahrepps um lóðir til þessara þarfa vestast á eyinni liggur nú fyrir samþykkt deiliskipulag hvar gert er ráð fyrir þeim lóðum sem fyrirspurn stóð til. Lóðir þessar voru auglýstar. Nokkrar umsóknir bárust, en Minjavernd fékk þeim úthlutað. Fyrir liggur þá að koma fyrir á þeim þeirri aðstöðu sem brýn hefur verið. Jafnframt er þörf á að styrkja sjóvarnir við Pakkhúsin og bæta úr málum varðandi fráveitu. Að þessum framkvæmdum loknum ættu hús þessi að hafa traustari rekstrargrundvöll en verið hefur og gætu hvað það snertir gengið fram til annarra aðila hvað eignarhald og rekstur þeirra varðar.

Bókhlaðan í Flatey.

Minjavernd gerði árið 1986 samning við þáverandi Flateyjarhrepp um vörslu og endurbyggingu á Bókhlaðunni í Flatey. Bókhlaðan var byggð 1864 og er elsta hús landsins byggt fyrir bókasafn og verið notað sem slíkt alla tíð. Í framhaldi af því lauk félagið við endurgerð Bókhlaðunnar og hefur annast um viðhald og varðveislu hennar síðan. Samningur þessi var til 30 ára og rann því út á árinu 2016. Taka þarf ákvörðun um hvernig haldið verður utan um þetta merka hús nú að samningstíma liðnum.

Útgáfustarfsemi, kynningarefni.

Minjavernd hefur í gegnum árin látið taka saman ýmislegt efni er varðar sögu þeirra húsa sem félagið hefur unnið að endurgerð á. Hefur verið horft til útgáfu þess, en ekki orðið úr enn sem komið er. Efni það sem til er er orðið æði umfangsmikið og bæði á myndformi, videounnið sem og ritaður texti. Guðjón Friðriksson rithöfundur hefur nú lokið við heildstæða ritaða samantekt verkefna félagsins og setur þar starf Minjaverndar í nokkurt samhengi við þróun umræðu um húsverndum á Íslandi í víðu samhengi. Snorri Freyr Hilmarsson leikmynda- og sýningarhönnuður hefur unnið að uppsetningu þessa efnis ásamt umtalsverðu magni mynda og að búa það út til útgágu. Stefnt er að því að sú bók komi út á árinu 2017, en þá verða 38 ár liðin frá upphafi starfs Minjaverndar og þeirrar uppbyggingar sem félagið byggði á við endurbyggingu Bernhöftstorfu í Reykjavík.

Minjavernd hefur á seinni árum lokið hverju verkefni með því að merkja viðkomandi hús með skildi úr steiptum kopar, með örstuttu ágripi af sögu. Flest þau hús sem félagið hefur endurbyggt eru nú með slíkum skildi.

Fjárhagsstaða, uppgjör og afkoma Minjaverndar hf.

Afkoma Minjaverndar á árinu 2016 samkvæmt samstæðureikningi var neikvæð um 57.1 milljónir króna. Rekstrartekjur námu 100.6 millj. kr., rekstargjöld 67.4 millj. kr., afskriftir og

niðurfærslur eigna 54.9 millj. kr. fjármagnsliðir 35 millj. kr. Eignir félagsins námu í árslok 1.670.8 millj. kr. og skuldir 897.1 millj. kr. Eigið fé var því 773.7 millj. kr. Eiginfjárlutfall móðurfélagsins er 48.6% og samstæðunnar 46,3%.

Niðurlag.

Staða Minjaverndar hf. er góð og fjárhagsleg staða til að standa straum af verkefnum er góð. Jafnframt hefur verkefnum og markmiðum með rekstri miðað fram veg og starf félagsins þroskast. Þess ber þó að gæta að eftir að félagið hefur á árinu 2013 selt flestar sínar fjárfestingaeignir munu afskriftir eigna setja mark sitt á rekstrarniðurstöðu reikninga þess. Auk þess hefur sérstök niðurfærsla eigna á Fáskrúðsfirði numið 108.2 milljónum á framkvæmdatíma þess verkefnis. Gangi þó ekki væri nema hluti fram af þeim verkefnum sem félagið hefur verið að skoða til að eigna sér til starfs um næstu framtíð, mun það styrkja afrakstur starfs enn frekar.

Pröstur Ólafsson formaður stjórnar
Þorsteinn Bergsson framkvæmdastjóri.